

máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. apríl 1962.

Nr. 140/1961. **Soffía Jacobsen** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn

Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Stóreignaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 17. ágúst 1961 skotið til Hæstaréttar úrskurði fógætadóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn af fulltrúa borgarfógeta Halldóri S. Rafnar hinn 29. júní s. á. Þá hefur hún einnig með stefnu 9. nóvember 1961 áfrýjað lögtaksgerð, er framkvæmd var af sama fulltrúa 13. september s. á. í húseign áfrýjanda til tryggingar greiðslu stóreignaskatts, kr. 525.279.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar af lögtaksgerð og eftirfarandi uppboði, ef til kemur. Krefst áfrýjandi þess, að hinum áfrýjaða úrskurði og lögtaksgerð verði breytt á þá leið, að heimilað verði lögtak fyrir kr. 326.065.00, en til vara kr. 345.017.00 án dráttarvaxta og stefnda dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir fógætadómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinar áfrýjuðu dómsathafnir verði staðfestar og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og getið er í úrskurði fógeta, kærði áfrýjandi álagningu stóreignaskattsins til Ríkisskattanefndar og krafðist lækunar hans. Féll úrskurður nefndarinnar hinn 21. júní 1960 á þá leið, að kæran yrði ekki tekin til greina. Hinn 2.

ágúst 1960 krafðist stefndi í bréfi til borgarfógeta, að framkvæmt yrði lögtak hjá áfrýjanda til tryggingar greiðslu skattsins, og var málið tekið fyrir í fógetadómi sama dag. Fékk áfrýjandi þá frest til að koma fram með varnir í málinu. Hafði þannig dómstóll, sem bær var að skera úr um ágreiningsefni aðilja, fengið málið til meðferðar, áður en liðinn var sá þriggja mánaða frestur, sem ákveðinn er í 3. málsgr. 23. gr. reglugerðar nr. 95/1957, sbr. 1. málsgr. 10. gr. laga nr. 44/1957. Verður því ekki tekin til greina sú málsástæða stefnda, að áfrýjandi hafi með því að bera mál sitt of seint undir dómstóla firrt sig rétti til að fá úrlausn þeirra um lækkunarkröfu sína.

Áfrýjandi hefur ekki fært sönnur á, að arfgreiðsla sú til sona hennar, sem um ræðir í málinu, hafi farið fram fyrir árslok 1956. Ber því að staðfesta hinar áfrýjuðu dómsathafnir, en eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinar áfrýjuðu dómsathafnir eiga að vera óraskaðar. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 29. júní 1961.

Í máli þessu gerir gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, þær dómkröfur, að gert verði lögtak í eignum gerðarþola, Soffíu Jacobsens, Sóleyjargötu 13, til tryggingar vangoldnum skatti á stóreignir, samkvæmt lögum nr. 44/1957, að fjárhæð kr. 525.279.00, ásamt dráttarvöxtum, 6% á ári, frá 16. ágúst 1958 til 31. janúar 1959 og 12% á ári frá þeim degi til greiðsludags og öllum kostnaði við gjörð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Þá krefst hann enn fremur málskostnaðar úr hendi gerðarþola að mati réttarins.

Gerðarþoli gerir þær réttarkröfur, að sú upphæð, sem lögtaks er krafizt fyrir, verði lækkuð úr kr. 525.279.00 í kr. 326.065.00 og lögtak aðeins framkvæmt fyrir lægri upphæðinni. Þá krefst hann þess, að gerðarbeiðandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Mál þetta var þingfest 2. ágúst s.l. og hefur síðan verið rekið

hér fyrir réttinum, og var það tekið til úrskurðar 22. þ. m. að afloknum munnlegum málflutningi.

Í byrjun ágústmánaðar s.l. krafðist tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs lögtaks hjá öllum þeim gjaldendum, er vangoldinn áttu skatt sinn á stóreignir samkvæmt lögum 44/1957, og voru þá þingfest 286 slík mál hér fyrir fógetaréttinum. Veittur var frestur í öllum þessum málum með fullu samþykki gerðarbeiðanda, aðallega þar sem langt var frá því að endanlegar tölur um skattfjárhæðir greiðenda lægju fyrir af hendi skattstofunnar í Reykjavík, enda hefur orðið að reikna skatt þennan fimm sinnum aðallega vegna úrskurða og dóma þeirra, er um hann hafa gengið. Mál þessi höfðu flest samflot í fyrstu, en skiptust síðan í flokka með nokkurri sérstöðu. Á síðustu mánuðum hefur öllum þessum málum verið lokið með sætt (greiðslu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44/1957) eða lögtaki hjá gerðarþola, nema fjórum, sem krafizt er úrskurðar í, og er mál þetta eitt þeirra. Skýrir ofanritað ef til vill að nokkru, hversu háttað er um fresti í máli þessu.

Almennur lögtaksúrskurður fyrir skatti á stóreignir í Reykjavík var kveðinn upp 28. apríl 1959 og birtur í dagblöðum bæjarins.

Við álagningu skatts á stóreignir samkvæmt lögum nr. 44/1958 var gerðarþola í máli þessu, Soffíu Jacobsen, gert að greiða kr. 525.279.00 í skatt samkvæmt ákvörðun skattstjórans í Reykjavík. Ekki vildi gerðarþoli una skattálagningu þessari og kærði hana til skattstjóra, sem úrskurðaði, að skatturinn skyldi standa óbreyttur. Með kæru, dags. 30/12 1959, er skatturinn síðan kærður til Ríkisskattanefndar. Í úrskurði Ríkisskattanefndar frá 21. júní 1960 segir: „Þar sem skattur á stóreignir er miðaður við eignir gjaldanda 31/12 1956, en fyrirframgreiðsla upp í arf, sem um getur í kæru yðar, fór ekki fram fyrr en á árinu 1957, sér nefndin sér ekki fært að taka kærana til greina.“ Síðan virðist gerðarþoli ekkert hafa gert í málinu til að hnekkja skattálagningunni fyrr en nú hér fyrir fógetaréttinum.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur krafizt lögtaks hjá gerðarþola fyrir hinum álagða stóreignaskatti, öllum og óbreyttum, kr. 525.279.00, enda sé álagningin í alla staði lögmæt og í fullu samræmi við ákvæði laga um skatt á stóreignir nr. 44/1957. Hann kvað gerðarþola hafa um langt skeið verið eiganda húseignarinnar Sóleyjargata 13. Hún virtist hafa hafið nýbyggingu (hækkun) til stækkunar hússins ásamt sonum sínum á árinu

1956, og hafi kostnaðarverð hennar numið kr. 406.415.93 í árslok, sbr. dskj. 10. Ekki var byggingarframkvæmdum þó lokið, sbr. dskj. 9, enda hafi bætt við byggingarkostnaðinn á árinu 1957, að upphæð kr. 313.765.15.

Hann kveður nokkurs misskilnings gæta í framsetningu endurskoðanda gerðarþola í rökstuðningi hans um kröfuna á lækkun skattsins, sbr. dskj. 5. Fær endurskoðandi þar út kr. 845.791.00, eða kr. 94.761.00 hærrí en nemur breytingu þeirri, er skattstofan gerir á stóreignaskýrslu gerðarþola, en $\frac{2}{3}$ húseignarinnar (þ.e.a.s. gamla hússins) Sóleyjargata 13 voru færðir henni til eignar til viðbótar þeim $\frac{1}{3}$, sem hún taldi sér til eignar, með athugasemd um, að erfðafjárskýrsla frá 1956 væri ekki fyrirbyggjandi. Sú breyting var samtals að upphæð kr. 751.030.00 samkvæmt dskj. 14. Stafar þetta meðal annars af því, að endurskoðandinn byggir á endanlegu fasteignamatí hússins frá 1958, sem var kr. 338.700.00 plús lóð kr. 81.000.00, eða kr. 419.700.00, auk þess sem hann tekur nýbyggingarkostnaðinn inn í dæmi sitt. En fasteignamat og skattmat það, sem notað var við útreikning eigna gerðarþola um skatt á stóreignir, nam alls kr. 379.000.00, og um nýbygginguna var aldrei neinn ágreiningur um, að gerðarþoli og synir hennar ættu hana hvert að einum þriðja, og engin breyting var gerð á stóreignaskattsskýrslu gerðarþola hennar vegna. Það, sem um er deilt, er einungis „gamla húsið“, og þó aðeins $\frac{2}{3}$ þess. Þá bendir hann á, að gerðarþoli hafi vanrækt að leita réttar síns til leiðréttingar máli sínu, með því að vanrækja að skjóta máli sínu til hinna almennu dómstóla innan 3 mánaða frá úrskurði ríkisskattaneftndar, sbr. 10. gr., 1. mgr., laga nr. 44/1957, og 23. gr., 3. mgr., reglugerðar nr. 95/1957. Enda sé það ekki hlutverk fógætaréttarins að kveða á um upphæð skatta, heldur ákveða, hvort þeir séu lögtakshæfir eða ekki. Mergur málsins sé því hinn fyrirfram greiddi arfur, þ.e.a.s. hvenær hann var inntur af hendi. Þá sé viðtekin regla, að forms sé krafizt um gjörninga mortis causa og valdi formgallar iðulega ógildi þeirra. Sá eini formlegi löggjörningur, sem fram hafi komið í máli þessu viðvíkjandi fyrirframgreiðslu arfs á $\frac{1}{3}$ hluta hússins, Sóleyjargata 13, til hvors tveggja sona gerðarþola sé frá 29. janúar 1957, þó ekki formlega frágenginn, að því er varðar greiðslu erfðafjárins og þinglýsingu, fyrr en 1. febrúar s. á. Um fyrirframgreiddan arf gildi engin sérstök lög, um hann gildi aðeins venjur. Afhending fasteigna upp í fyrirframgreiddan arf geti engin réttaráhrif haft, fyrr en formleg yfirlýsing um arfs-

afhendinguna hafi verið löglega skráð og erfðafjárskattur greiddur. Hafi einhverjir munnlegir samningar átt sér stað milli gerðarþola og sona hennar, en um það hafi ekkert sannazt í máli þessu, þá bæru þeir öll einkenni ráðstafana inter vivos, en að engu leyti ráðstafana mortis causa, en um allar slíkar ráðstafanir séu strangar formkröfur, eins og fyrr segir.

Umboðsmaður gerðarþola byggir kröfu sína um lækkun skattsins fyrst og fremst á því, að gerðarþoli hafi ekki verið eigandi allra þeirra eigna, sem henni voru taldar til eignar við ákvörðun stóreignaskatts hennar, og ekki geti ætlun laga um skatt á stóreignir verið sú að taka eign A og leggja af henni skatt á B. Gerðarþoli sé talinn eigandi allrar húseignarinnar Sóleyjargötu 13 við ákvörðun stóreignaskattsins, en eins og dskj. 5 ber með sér, sé gerðarþoli aðeins eigandi $\frac{1}{3}$ eignarinnar, og hafi verið það í árslok 1956, en synir hennar tveir, Haukur og Úlfar, hvor að $\frac{1}{3}$. Á árinu 1956 hafi nefnd húseign verið stækkuð um eina hæð og auk þess gjörbreytt að öðru leyti og bætt, og hafi þeirri breytingu verið lokið fyrir lok þess árs. Þessi breyting og viðbót var gerð á kostnað gerðarþola og sona hennar tveggja, sem að sjálfsögðu hafi orðið eigendur að húsinu í nefndum hlutföllum, jafnóðum og breytingin og viðbótin var gjörð. Þau gerðarþoli og synir hennar hafi tekið sameiginleg lán, sem þau öll báru ábyrgð á, áður en verkið var hafið, og lögðu öll til verksins, hver sinn hlut. Ákvörðunin um fyrirframgreiðslu arfsins og framkvæmd á skiptingu eignarinnar í framangreindum hlutföllum hafi því verið tekin, áður en breyting hússins og viðgerð hófst, og því löngu áður en nefnd lög (lög nr. 44/1957) tóku gildi. Þó formleg yfirlýsing væri ekki gefin út fyrr en 29. janúar 1957, þá haggi það eigi þeirri staðreynd, að synir gerðarþola voru orðnir eigendur að húsinu þegar á árinu 1956. Munnlegt samkomulag sé jafn bindandi og skriflegt milli aðilja, og hér sé ekki einungis um munnlega yfirlýsingu gerðarþola að ræða, heldur sé verkið sjálft, breyting hússins, þessu til staðfestingar. Yfirlýsingin frá 29. janúar sé aðeins staðfesting á því, sem þegar var orðið, svo hægt væri að þinglýsa því og koma nöfnum eigna í rétt horf í veðmálabókum. Það, sem skipti máli, sé, hvenær aðiljar hafi raunverulega orðið eigendur fasteignarinnar, en ekki, hvenær eignaraðildinni var þinglýst, enda sé það mjög títt, að menn séu eigendur fasteigna án afsalsyfirlýsinga eða þinglýsinga. Þá bendir umboðsmaður gerðarþola á, að skattstofan hafi tekið framtöl gerðarþola og sona hennar gild að

þessu leyti (eigendur að $\frac{1}{2}$ hvert á Sóleyjargötu 13) við ákvörðun um álagningu tekju- og eignarskatts fyrir árið 1957.

Samkvæmt þessu hafi því stóreignaskattur gerðarþola að þessu leyti verið lagður á eignir sona hennar ásamt eign hennar, og hljóti því að því leyti að vera ranglega á lagður. Grundvöllurinn undir skattálagninguna sé því rangur að þessu leyti, og skiljist honum, að fógetarétturinn hljóti að vera fær að skera úr um það, hvort gjald það, sem gjöra á lögtak fyrir í tilteknu falli, sé löglega lagt á eða ekki.

Með lögum nr. 44 23. júní 1957, um skatt á stóreignir, var ákveðið að leggja stóreignaskatt á ýmsa gjaldendur, sem féllu undir viss ákvæði laganna, og skyldi skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. desember 1956. Ein af þeim, sem gert var að greiða skatt þennan, var gerðarþoli í þessu máli, Soffía Jacobson, Sóleyjargötu 13 hér í bæ, og var henni gert að greiða kr. 525.279.00. Er fram komið í máli þessu, að hún hefur án árangurs kært skattálagningu þessa til skattstóra og síðan með bréfi 30/12 1959 til Ríkisskattanefndar (dskj. 5), sem samkvæmt bréfi frá 21. júní 1960 sá sér ekki fært að taka kæru hennar til greina (dskj. 8).

Gerðarþoli neytir ekki þess réttar síns samkvæmt 10. gr., 1. mgr., laga nr. 44/1957, sbr. 23. gr., 3. mgr., reglugerðar nr. 95/1957, að skjóta úrskurði Ríkisskattanefndar til dómstólanna innan 3 mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar Ríkisskattanefndar, og virðist ekkert hafa í málinu gert, fyrr en það nú er til lögtaks hjá fógetaréttinum. Umboðsmaður gerðarþola telur hluta af stóreignaskatti þeim, sem lagður er á gerðarþola, í grundvelli sínum ólöglegan. Þetta ólögmati stafi af því, að henni sé gert að greiða skatt af eignum annarra, sona sinna. Synir hennar hafi orðið eigendur umræddra eignarhluta vegna þess, að þeir hafi fengið þá í fyrirframgreiddan arf á árinu 1956, þótt formlega hafi þetta ekki verið fært til réttis horfs með nafnbreytingum í veðmála-bókum fyrr en eftir áramót 1957.

Eigi fær rétturinn séð af gögnum þeim, sem fram hafa komið í máli þessu, né heldur af yfirlýsingu Soffíu Jacobsens frá 29. janúar 1957 um afhendingu $\frac{2}{3}$ hluta húseignarinnar, Sóleyjargötu 13, upp í arf til sona hennar, Hauks og Úlfars, að hún á neinn hátt vísi til fyrri löggjörninga um slíka afhendingu, né heldur ber hún það með sér, að hún sé formleg staðfesting á slíkri fyrri afhendingu. Virðist því ósannað mál, að gerðarþoli hafi ekki verið eigandi hinnar umræddu eignar þann 31/12 1956.

Þar sem ekki verður annað séð en grundvöllur skattálagningarinnar sé lögum samkvæmt, þykir mega láta umbeðið lög-
tak fara fram á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að sérstakur málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lög-
tak skal fram fara á ábyrgð gjörðar-
beiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Lögtak fógetadóms Reykjavíkur 13. september 1961.

Ár 1961, miðvikudaginn 13. september, var fógetaréttur Reykja-
víkur settur í húsinu Austurstræti 5 (skrifst. Sveinbjörns Jóns-
sonar hrl.) og haldinn af fulltrúa borgarfógeta Halldóri S. Rafn-
ar með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að gera lögtak hjá eftir-
töldum gjaldanda:

Soffíu Jacobsen, Sóleyjargötu 13. Stóreigna-
skattur 252 1959 kr. 525.279.00

Samtals kr. 525.279.00

auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi
uppböð, ef til kemur.

Til staðar er í réttinum beiðni um lögtakið ásamt tilheyrandi
gjaldseðlum, þingm. nr. 1—3, en lögtaksúrskurður var kveðinn
upp 28. apríl 1959 og birtur í dagblöðunum. Af hálfu gerðar-
beiðanda mætir Valgeir Einarsson, skrifstofumaður tollstjóra.

Af hálfu gerðarþola er mættur í réttinum að tilhlutan fóget-
ans Sveinbjörn Jónsson hrl., og skoraði fógeti á mætta að greiða
umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki greiða þau fyrir gerðar-
þola. Skoraði fógeti þá á mætta að benda á eignir gerðarþola
til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir mætta að segja satt
og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógeta-
réttinum.

— — — — —
Hann mótmælir lögtaki, hvað viðvíkur hinum umdeilda hluta
kröfunnar, sbr. fógetaúrskurð frá 29. júní s.l. Þá sýnir hann
áfrýjunarstefnu til Hæstaréttar, dags. 17. ágúst s.l.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að lögtakið fari fram.

Var þá skrifað upp:

Fasteign gerðarþola, Austurstræti 9, ásamt með öllum réttindum, sem henni fylgja og fylgja ber.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í nefndri fasteign gerðarþola til tryggingar framangreindum gjöldum, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mættu, að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn hátt, er færi í bág við gerð þessa að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 4. apríl 1962.

Nr. 77/1961. S

gegn

H

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Úrskurður um öflun gagna í barnsfaðernismáli.

Úrskurður Hæstaréttar.

Rétt þykir, áður en dómur er lagður á mál þetta í Hæstarétti, að blóð sé af nýju tekið úr aðiljum, barninu og B og blóðúrtökin send til hæfs erlends sérfræðings, sem beðinn sé álits um, hvað ráða má um faðerni barnsins af þeim.

Þá telst rétt að æskja álits erlends sérfræðings um, hverjar líkur séu til þess, að meybarn, fætt 11. júlí 1959, þá að þyngd 4000 gr og að lengd 52 cm, geti verið komið undir 16. nóvember 1958.

Er lagt fyrir héraðsdómara að hlutast til um, að framannefnd rannsókn verði framkvæmd.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að annast aðgerðir þær, sem að framan getur.
